

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 130/851
komudagur 26.1.2004



Reykjavík, 22. janúar 2004

Efni: Umsögn Félags íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 307. mál.

Vísað er í bréf frá nefndasviði Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn FÍN um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Félag íslenskra náttúrufræðinga tekur undir meðfylgjandi umsögn BHM, BSRB og KÍ og gerir hana að sinni. Að auki vill FÍN leggja áherslu á eftirfarandi atriði:

1. FÍN vill benda á að grundvallarmunur er á eðli starfa margra ríkisstarfsmanna og starfsmanna á almennum markaði ekki síst þar sem ríkisstarfsmenn taka þátt í stjórnvaldsákvörðunum sem varða bæði einstaklinga og fyrirtæki. Með því að gera starfsumhverfi ríkisstarfsmanna óruggara eykst hættan á að við úrlausnir einstakra mála komi ekki öll fagleg sjónarmið fram, þó þau samrýmist gildandi lögum og reglum sem varða viðkomandi mál. Sérstaklega er hætt á þessu ef að ákveðin sjónarmið eru af starfsmanni talin vera í andstöðu við pólitíska stefnu viðkomandi ráðuneytis á þeim tíma eða í andstöðu við yfirlýstan vilja forstöðumanns. Með því að gera starfsumhverfi ríkisstarfsmanna óruggari er því verið að auka hættuna á að einstaklingar og fyrirtæki, þ.e. almennigur, fái verri þjónustu af hálfu ríkisins á öllum sviðum en ekki síst hvað réttaröryggi varðar. Minnkað starfsöryggi eykur einnig hættuna á að forstöðumenn eigi erfiðara með að meta hvort öll sjónarmið í hverju máli hafi komið fram.
2. Ríkisstarfsmenn þurfa oft að taka á sig skerðingu á persónufrelsi, m.a. á tjáningarfrelsi, samtímis því að þurfa að gæta þess að réttindi annarra séu ekki fyrir borð borin og að farið sé að stjórnsýslulögum nr. 37/1993 við úrlausnir mála vegna einstaklinga og fyrirtækja. FÍN telur með öllu ótækt að ríkisstarfsmenn séu sviptir andmælarétti í eigin málum.
3. Í athugasemdum við lagafrumvarpið segir: „Með frumvarpinu er þannig stefnt að auknum sveigjanleika í rekstrarumhverfi stofnana ríkisins og stuðlað að því að ríkið eigi ávallt á að skipa hæfustu starfsmönnum sem kostur er á hverju sinni og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt.“ FÍN telur að hér sé alvarlega vegið að starfsheiðri allra núverandi ríkisstarfsmanna bæði forstöðumanna sem annarra. Svo virðist einnig vera sem að framkvæmdavaldið (hér fjármálaráðherra) telji að einvörðungu sveigjanleiki í rekstrarumhverfi sé forsenda góðra starfsmanna. FÍN vekur athygli á því að

lög sem gilda um einstakar stofnanir ríkisins og starfsmenn þeirra fara eftir eru sett á Alþingi. Þetta gildir einnig um fjárlög og þar með rekstrarumhverfi ríkisstofnana.



4. FÍN vill benda á að allir núverandi ríkisstarfsmenn eru ráðnir samkvæmt núgildandi lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Verði framangreint frumvarp að lögum vekur FÍN athygli á að skoða þarf sérstaklega hvort túlka megi það sem einhliða uppsögn á ráðningasamningum starfsmanna ríkisins og núgildandi kjarasamningum. FÍN vekur einnig athygli á því að verði frumvarpið að lögum gerir það beinlínis ráð fyrir því, sbr. greinargerð, að færa allt rekstrarumhverfi ríkisstofnana nær hinum almenna markaði. Þar með þarf einnig að bæta verulega minnkað starfsöryggi ríkisstarfsmanna í formi launahækkana. FÍN leggur til að frumvarpið verði í heild sinni dregið til baka.

F.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga

Ína Björz Hjálmsdóttir

Ína B. Hjálmsdóttir formaður